

## FUNDARGERÐ

**Föstudaginn 17. janúar 2014 kl. 12:15** kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Sölvhólsvör, fundarherbergi á 1. hæð, Sölvhólsgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurbjörnssyni, Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Gestir fundarins voru: Lúðvík Geirsson verkefnastjóri, Stefán Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

## FUNDARGERÐ

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 13. desember 2013. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

## VATNSVEITUFAMKVÆMDIR Á LÖGBÝLUM 2013

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Bændasamtökum Íslands, dags. 23. desember 2013. Erindinu fylgdi yfirlit yfir þær vatnsveitufamkvæmdir sem gengu eftir á árinu 2013. Um er að ræða 19 framkvæmdir og nemur samanlagður kostnaður þeirra 26.868.607 kr. Miðað við ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til þessa verkefnis og heildarkostnaðar framkvæmdanna nemur kostnaðarþátttaka sjóðsins 44% eða 11.822.187 kr. og er það sú fjárhæð sem Bændasamtökin leggja til að komi til úthlutunar á árinu 2014 á grundvelli ákvæða í reglugerð, nr. 973/2000. Til viðbótar er Bændasamtökunum greiddur umsýslukostnaður vegna verkefnisins sem nam 2.145.735 kr. á árinu 2013 og kom hann til greiðslu í tvennu lagi, í lok júní og í lok desember.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að framlag að fjárhæð 11.822.187 kr. kæmi nú til greiðslu.

## ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG 2013

### Viðbótarframlag vegna skólaaksturs

### Síðbúin umsókn frá Vopnafjarðarhreppi

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Vopnafjarðarhrepps, dags. 3. janúar 2014. Í erindinu er óskað eftir viðbótarframlagi vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur úr dreifbýli umfram tekjur á árinu 2013. Uppgefinn kostnaður við aksturinn á árinu nam samtals 12.430.933 kr. Til greiðslu komu á árinu framlög að fjárhæð 4.206.856 kr. Um mismun að fjárhæð 8.224.074 kr. er því að ræða.

Með tilvísun til sérstakra aðstæðna samþykkti ráðgjafarnefndin að taka síðbúna umsókn sveitarfélagsins til greina og lagði til að úthlutað yrði viðbótarframlagi til Vopnafjarðarhrepps vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2013 umfram tekjur að fjárhæð 8.224.074 kr. Með tilvísun til þessa hækkar úthlutun viðbótarframlags vegna skólaaksturs úr dreifbýli á árinu 2013 úr 171.242.117 kr. í 179.466.191 kr.

Við umfjöllun og tillögugerð að úthlutun framlags til Vopnafjarðarhrepps vék Þórunn Egilsdóttir af fundi.

## YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA

## NÝ REGLUGERÐ UM FRAMLÖG JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK Á ÁRINU 2014

Lögð voru fram til kynningar drög að nýrri reglugerð vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014.

Á fundi ráðgjafarnefndar 19. desember 2013, var fjallað um drög að nýrri reglugerð vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014. Fram kom að reglugerðin væri að mestu leyti frágengin en ræða þyrfti

nánar við Samband íslenskra sveitarfélaga um 4. gr. reglugerðarinnar, sem er ný og fjallar um sérstök viðbótarframlög.

Á fundinum nú voru lögð fram ný drög að reglugerðinni frá 16. janúar sl. Í umfjöllun um drögin kom fram að Sambandið væri samþykkt texta í 4. gr. reglugerðarinnar. Jafnframt kom fram að á grundvelli tillögu Sambandsins hefði eftirfarandi málsgrein verið bætt við í lok II. hluta 3. gr. reglugerðarinnar:

*„Þegar um tímabundna búferlaflutninga einstaklinga í þjónustu er að ræða, er þjónustusvæðum heimilt að semja sín á milli um að framlög Jöfnunarsjóðs skv. III. hluta skuli flytjast milli þjónustusvæða enda þótt lögheimili viðkomandi haldist óbreytt. Slíkir samningar hafa ekki áhrif á jöfnunarframlög samkvæmt þessari reglugerð. Samband íslenskra sveitarfélaga getur gefið út leiðbeinandi viðmið um samninga sem þjónustusvæði gera sín á milli.“*

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að drög að reglugerðinni, dags. 16. janúar 2014, um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014 yrðu samþykkt. Fram kom að drögin að reglugerðinni yrðu kynnt fyrir ráðherra á næstu dögum.

## **NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTOÐ**

### **Beiðni um framlag vegna könnunar**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Verkefnisstjórnar samstarfsverkefnisins um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), dags. 16. janúar 2014. Í erindinu er óskað eftir aðkomu sjóðsins að kostnaði vegna faglegs og fjárhagslegs mats á NPA verkefninu, sbr. 6. gr. reglugerðar vegna þjónustu við fatlað fólk en þar kemur fram að úthlutun framlaga skuli taka mið af áætlun verkefnisstjórnar NPA að fenginni umsögn Samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks. Áætlaður kostnaður við framkvæmd matsins nemur 12.778 þús.kr. og er gert ráð fyrir að því verði lokið í sumari.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að erindi Verkefnisstjórnar samstarfsverkefnis um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) væri samþykkt með fyrirvara um samþykki Samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks.

## **ENDURSKOÐUN Á FAGLEGUM OG FJÁRHAGSLEGUM ÁRANGRI YFIRFÆRSLUNNAR**

Lúðvík Geirsson, sem hefur yfirumsjón með framkvæmd endurmats á faglegum og fjárhagslegum árangri tilfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga var mættur á fundinn. Lúðvík lagði fram til kynningar yfirlit, sem dagsett er í janúar, yfir óuppperð mál vegna yfirfærslunnar ásamt yfirliti, einnig dagsett í janúar, yfir þær úttektir og kannanir sem fram munu fara vegna endurmatsins á árinu.

Hvað óuppperðu málin varðar þá er um að ræða húsnæðismál, sérstök þjónustuúrræði, laga og reglugerðarbreytingar á vegum velferðarráðuneytisins, atvinnumál, heildarniðurstöðu endurmats á kostnaðarþáttum og lokasamkomulag um endurmat. Hvað úttektir og kannanir varðar þá er um að ræða eftirfarandi þætti: Þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk, þjónustukönnun Sambands íslenskra sveitarfélaga, rekstur á þjónustusvæðum, úttekt á þróun launamála í málaflokknum, samræmingarúttekt á þróun þjónustu/gæðamálum, uppgjör tilraunaverkefnis um NPA og endurmat á þjónustuþegum hvað SIS matið varðar. Fjallað var um hvern verkþátt fyrir sig.

Fram kom að byrjað væri á að skoða endanlegt fyrirkomulag varðandi tekjuhlið verkefnisins hvað útsvarshlutfallið varðar og horft væri til þess að áfram yrði um að ræða einhvers konar sameiginlega vöktun og endurmat verkefnisins af hálfu ríkis og sveitarfélaga.

## **SIS MATIÐ**

### **Verklag og áætlaður kostnaður vegna endurmats á árinu 2014**

### **Fulltrúar Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins**

Ráðgjafarnefndin samþykkti á fundi sínu 19. desember 2013 að leggja til að farið yrði í endurmat á þeim einstaklingum sem metnir höfðu verið SIS mati á árunum 2009 og 2010. Leitað hafði verið til

Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins um að stofnunin tæki endurmatið að sér. Óskað hafði verið eftir því að fulltrúar stofnunarinnar kæmu til fundar við ráðgjafarnefnd sjóðsins í janúar eða febrúar til að fara yfir verklag við endurmatið og kostnað því samfara. Með tilvísun til þessa voru þeir Stefán Hreiðarsson forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og Tryggvi Sigurðsson mættir á fundinn.

Fram kom hjá Stefáni og Tryggva að enn lægju ekki fyrir fjárhagslegar áætlanir vegna endurmatins en reiknað væri með að þær yrðu lagðar fram fljótlega. Áætlað væri að endurmatinu lyki á árinu 2014, en um gæti verið að ræða 900 einstaklinga víðs vegar um landið.

Við endurmatið munu koma fram þær breytingar sem orðið hafa á þjónustubörf viðkomandi einstaklinga frá fyrra mati og verður leitað skýringa á þeim breytingum. Unnið verður þannig úr gögnum að hægt verður að líta til framtíðar um frekara endurmat á einstaka hópum. Væntanlega verða mestar breytingar á yngstu hópunum og hjá þeim sem eru mikið veikir. Endurmatið verður góður vegvísir til framtíðar.

Stuðningsþörf (SIS) er einstaklingsbundin og er matið notað til að skipuleggja þjónustu við hvern einstakling. Af hálfu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er stefnt að því að halda námskeið hvað varðar skipulagningu einstaklingsáætlana um þjónustu. Í velferðarráðuneytinu er verið að vinna að reglugerð með hliðsjón af stuðningsþörf (SIS).

Formaður færði Lúðvík Geirssyni, Stefáni Hreiðarssyni og Tryggva Sigurðssyni bestu þakkir fyrir komuna á fundinn og gagnlegar upplýsingar. Þeir viku síðan af fundi.

## ÖNNUR MÁL

### **Heildar endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

Gerð var grein fyrir þróun endurskoðunarinnar sem byggir á skýrslu svonefndrar „Flosa nefndar“ sem lá fyrir á árinu 2010.

Fram kom að unnið hefði verið að frekari þróun á tillögum nefndarinnar með áherslu á kostnaðarlíkani sem byggt er ofan á útgjaldalínu. Kostnaðarliðir sveitarfélaga, að undanskyldum þjónustu við fatlaða og breytingum á lífeyrisskuldbindingum sveitarfélaga, eru notaðir við samsetningu á útgjaldalínu. Áframhaldandi vinna felur í sér útfærslu á nákvæmara kostnaðarlíkani sem byggir á fleiri forsendum.

Jafnframt kom fram að fyrirhuguð væri kynnisferð til Noregs þar sem farið yrði yfir jöfnunarkerfi sveitarfélaga í Noregi með hliðsjón af hugsanlegum breytingum á jöfnunarkerfi sveitarfélaga á Íslandi.

Lagt var til að næsti fundur ráðgjafarnefndar yrði 28. febrúar nk. og að hann yrði boðaður sérstaklega.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 15:00.

Halldór V. Kristjánsson